

FRÉTTABRÉF HÖRGÁRSVEITAR

3. september 2025 | 16. árgangur 12. tölublað



FRÉTTIR OG TILKYNNINGAR

Sundlaugin á Þelamörk

VETRAROPNUN

MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA	16:00 - 22:30
FÖSTUDAGA	LOKAÐ
LAUGARDAGA	11:00 - 18:00
SUNNUDAGA	11:00 - 22:30



Viðhald ljósastaura

Tilkynna þarf um ónýtar perur og aðra viðhaldspörf á ljósastaurum heimreiða fyrir 15. september 2025, ef úrbætur á að gera núna. Næsta viðhaldsferð verður í desember. Tilkynningar um viðhaldspörf þurfa að berast skrifstofu Hörgársveitar, í síma 460 1750 eða á horgarsveit@horgarsveit.is.

Gangnaseðlar í Hörgársveit 2025

Sjá má gangnaseðla og réttir í sveitarfélaginu með því að smella **HÉR**

Næsti fundur sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 11. september klukkan 8:30.

Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Miðvikudaginn 3. september 2025 kl. 08:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Pelamerskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, Sunna María Jónasdóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

1. Skipulagsmál

Ómar Ívarsson og Atli Steinn Sveinbjörnsson frá Landslagi ehf komu til fundar við sveitarstjórn.

2. Fundargerð fjallskilaneftdar frá 18.8.2025

Fundargerðin lögð fram.

3. Samb. ísl. sveitarfélaga erindi vegna skipunar í bakhópa

Lagt fram erindi með beiðni um skipan í tvo starfshópa í umhverfismálum.

Sveitarstjórn samþykkti að Sunna María Jónasdóttir verði fulltrúi Hörgársveitar í bakhóp um úrgangsmál og hringrásarhagkerfið og Jón Þór Benediktsson verði fulltrúi Hörgársveitar í bakhóp um loftlagsmál.

4. Arnar Tryggvason, erindi vegna aðgengismála fatlaðra

Erindið lagt fram.

5. Ytri-Bægisá 2 L152509 - stofnun lóðar

Lögð fram merkjalýsing vegna stofnun lóðar úr landi Ytri-Bægisá 2. En áður hafði verið fallið frá því að stofna lóðina en nú er það breytt. Lóðin fái heitið Neðri-Bægisá.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti stofnun lóðarinnar Neðri-Bægisá samkvæmt framlögðum uppdraetti og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að fullnusta stofnun lóðarinnar með afgreiðslu merkjalýsingar.

6. Fjárhagsáætlun 2026-2029, forsendur

Farið var yfir forsendur og vinnu við fjárhagsáætlun 2026-2029.

7. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, umsókn um gistileyfi, umsögn

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II-H, frístundahús að Syðra-Brekkukoti.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að rekstrarleyfið verði veitt.

8. Göngu- og hjólastígur

Umræður um stöðu mála.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 10:30

Skráning á póstlista fréttabréfsins

